

REGLUGERÐ

um barnavernd á Patreksfirði.

1. gr.

Á Patreksfirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 9 að kvöldi á tímabilinu 1. október til 1. maí og eftir kl. 11 að kvöldi á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd foreldra sinna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjón þeirra.

2. gr.

Bannað er börnum innan 12 ára aldurs að vera á bryggjum og í bátum, sem liggja við þær.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við hafnargarða, nema í fylgd forráðamanna.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum veitingastofum, sælgætis- eða tóbaksbúðum eftir kl. 9 að kvöldi, nema í fylgd foreldra eða annarra forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái þar eigi óheimilan aðgang.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglingarnir eru meðlimir í, svo og dansleikjum skólafélaga.

Undanþágu frá þessu ákvæði getur barnaverndarnefnd (skólanefnd) veitt, að því er varðar jólatrésdansleiki barna og unglinga og almenna árshátíð barna- og unglingskóla, sé um það sótt af forráðamönnum slíkra skemmtana.

5. gr.

Að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og öðrum almennum skemmtunum er börnum og unglingum óheimill aðgangur á tímabilinu 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða öðrum forráðamönnum.

6. gr.

Bannað er að selja unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það um hönd.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. l. nr. 29/1947, um vernd barna og unglinga, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1964.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.